

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi Breiðarsvæðis, lóð HB.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 25. nóvember 2003, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Breiðarsvæðis, lóð HB, Akranesi.

Breytingin nær til svæðis merkt HB hf. í deiliskipulagi Breiðarsvæðis og er tilgangurinn að afmarka lóðirnar á reitnum. Sett er kvöð um umferð á einstakar lóðir til að tryggja aðgengi og austurmörk svæðisins eru samræmd gagnvart aðliggjandi hafnarskipulagi.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 8. mars 2004.*

**Ólöf Guðný Valdimarsdóttir**, skipulagsfulltrúi Akraness.